

**Sp. 540. Tillaga til þingsályktunar**

um brúargerðir á nokkur stórvötn.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa fast skipulag um, að eftirtaldar stórar verði brúaðar og eldri brýr endurnýjaðar á næstu fimm árum: Jökulsá á Fjöllum hjá Grímsstöðum, Jökulsá í Fljótsdal, Skjálfandafljót hjá Stóruvöllum, Djúpa í Vestur-Skaftafellssýslu, Blanda í nánd við Löngumýri, Hvítá hjá Iðu, Fnjóská hjá Illugastöðum, Þverá ofanvert við Þykkvabæ og Jökulsá í Lóni hjá Stafafelli. Á sama tíma ber að endurbyggja hengibrýrnar á Þjórsá og Jökulsá í Axarfirði, svo að þær verði fulltryggar til umferðar.

**Greinargerð.**

Í tillögu þessari er farið fram á að ljúka við það, sem eftir er af óhjákvæmi-  
legustu brúargerðum yfir fallvötn landsins, á næstu fimm árum. Getur þetta naum-  
ast talizt ofrausn, því að að meðaltali mun hver af þessum brúm ekki kosta meira  
en íbúðarhús eins og þau hafa verið reist hundruðum saman í Reykjavík á undan-  
gengnum árum. Ef þess þætti þörf, væri vel við unandi að hækka benzínskattinn,  
sem er miklu lægri hér á landi en í fjölmörgum löndum, sem verja honum til nauð-  
synlegra samgöngubóta.